

Nd.

### 38. Frumvarp til laga

[38. mál]

um aðild Íslands að alþjóðasamningi um stjórn málasamband.

(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um stjórn málasamband sem gerður var í Vínarborg hinn 18. apríl 1961 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, svo og viðbótarbókunum með samningnum. Ákvæði samningsins skulu hafa lagagildi á Íslandi.

2. gr.

Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1952 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ályktun um að fela þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna að skrásetja reglur þjóðaréttarins um stjórn málasamband ríkja. Nefndin gekk frá frumdrögum að alþjóðasamningi um þetta efni árið 1957 og sendi það aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna til umsagnar. Síðan endurskoðaði nefndin frumdrög sín í ljósi athugasemda þeirra sem bárust.

Árið 1959 ákvað allsherjarþingið að kveðja saman alþjóðaráðstefnu í Vínarborg til að fjalla um málið. Ráðstefnan var haldin dagana 2. marz til 14. apríl 1961 og sátu hana fulltrúar frá 81 ríki. Ráðstefnan samþykkti með samhljóða atkvæðum Vínar-samninginn um stjórn málasamband. Einnig samþykkti hún tvær bókanir við samninginn, þ. e. kjörfrjálsa bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar og kjörfrjálsa bókun varðandi skyldubundna lausn deilumála vegna samningsins. Samningurinn ásamt bókununum tveimur gekk í gildi hinn 24. apríl 1964, þegar 22 ríki höfðu gerzt aðilar. 92 ríki eru nú aðilar að samningnum.

Samningurinn hefur að geyma skrásetningu á reglum þjóðaréttarins varðandi friðhelgi og önnur réttindi sendiráða er ríki hafa lengi fylgt samkvæmt venjurétti. Þykir rétt, að Ísland gerist aðili að samningnum og viðbótarbókununum tveimur.

Hvað snertir íslenzku þýðinguna á samningnum skal þess getið, að á nokkrum stöðum eru notuð frönsk eða latnesk orð eða orðtök og er þá fylgt fordæmi nágrennalandanna, enda um að ræða alþjóðlegar venjur í þessu efni. Sérstaklega skal bent á, að í íslenzku þýðingunni er orðið sendiherra látið tákna bæði „ambassador“ og „nuncio“ annars vegar og „envoy“, „minister“ og „internuncio“ hins vegar, enda er notkun síðarnefndu titlanna að hverfa í heiminum; óþarft virðist því að nota orðið „ambassador“ í íslenzku máli.

## Fylgiskjal I.

### VÍNAR-SAMNINGURINN UM STJÓRN MÁLASAMBAND

RÍKI ÞAU, SEM AÐILAR ERU AÐ  
SAMNINGI ÞESSUM,

MINNA Á, að allar þjóðir hafa frá  
fornu fari viðurkennt sérstöðu sendi-  
erindreka,

HAFI Í HUGA markmið og megin-  
reglur Sáttmála Sameinuðu þjóðanna  
varðandi fullveldis-jafnrétti ríkja, varð-  
veizlu alþjóða friðar og öryggis og efl-  
ingu vinsamlegra samskipta þjóða,

TREYSTA ÞVÍ, að alþjóðlegur samn-  
ingur um forréttindi og friðhelgi í sam-  
skiptum ríkja muni stuðla að aukinni  
vinsemi í sambúð þjóða, hvert sem stjórn-  
skipulag eða þjóðfélagskerfi þeirra er,

ERU ÞEIRRAR SKOÐUNAR, að mark-  
mið slíkra forréttinda og friðhelgi sé  
ekki að vera einstaklingum í hag, heldur  
að tryggja árangursríkan sendierind-  
rekstur á vegum ríkja,

STAÐFESTA, að venjureglur þjóða-  
réttarins skuli gilda áfram um þau atriði,  
er ákvæði þessa samnings taka ekki tvi-  
mælalaust til,

GERA SAMKOMULAG um það sem  
hér fer á eftir:

#### 1. gr.

Í samningi þessum skulu eftirfarandi  
orðasambönd hafa þessa merkingu:

- a) „forstöðumaður sendiráðs“ er mað-  
ur, sem sendiríkið hefur falið að  
gegna slíkri stöðu;
- b) „sendiráðsmenn“ eru forstöðumaður,  
sendiráðs og starfsmenn þess;
- c) „starfsmenn sendiráðs“ eru stjórn-  
arsendimenn, skrifstofu- og tækni-  
starfsmenn og þjónustustarfsmenn  
sendiráðs;

### VIENNA CONVENTION ON DIPLOMATIC RELATIONS

THE STATES PARTIES TO THE  
PRESENT CONVENTION,

RECALLING that peoples of all nations  
from ancient times have recognized the  
status of diplomatic agents,

HAVING IN MIND the purposes and  
principles of the Charter of the United  
Nations concerning the sovereign  
equality of States, the maintenance of  
international peace and security, and the  
promotion of friendly relations among  
nations,

BELIEVING that an international  
convention on diplomatic intercourse,  
privileges and immunities would con-  
tribute to the development of friendly  
relations among nations, irrespective of  
their differing constitutional and social  
systems,

REALIZING that the purpose of such  
privileges and immunities is not to benefit  
individuals but to ensure the efficient  
performance of the functions of diplo-  
matic missions as representing States,

AFFIRMING that the rules of customary  
international law should continue to  
govern questions not expressly regulated  
by the provisions of the present Con-  
vention,

HAVE AGREED as follows:

#### Article 1

For the purpose of the present Con-  
vention, the following expressions shall  
have the meanings hereunder assigned  
to them:

- (a) the “head of the mission” is the  
person charged by the sending State  
with the duty of acting in that  
capacity;
- (b) the “members of the mission” are  
the head of the mission and the  
members of the staff of the mission;
- (c) the “members of the staff of the  
mission” are the members of the  
diplomatic staff, of the administrative  
and technical staff and of the service  
staff of the mission;

- d) „stjórnarsendimenn“ eru starfsmenn sendiráðs, sem hafa réttindi stjórnarsendimanna;
  - e) „sendierindrekar“ eru forstöðumenn sendiráðs og stjórnarsendimenn;
  - f) „skrifstofu- og tæknistarfsmenn“ eru þeir starfsmenn sendiráðs, sem vinna að skrifstofu- og tæknistörfum sendiráðsins;
  - g) „þjónustustarfsmenn“ eru starfsmenn sendiráðs, er starfa að heimilisstörfum hjá sendiráði;
  - h) „einka-þjónustustarfsmaður“ er starfsmaður, sem vinnur að heimilisstörfum hjá sendiráðsmanni, en er ekki í þjónustu sendiríkisins;
  - i) „sendiráðssvæði“ er byggingar eða hluti bygginga og tilheyrandi lóð, hver sem eigandinn er, sem nýtt er af sendiráði, þar á meðal íbúð forstöðumanns sendiráðs.
- (d) the “members of the diplomatic staff” are the members of the staff of the mission having diplomatic rank;
  - (e) a “diplomatic agent” is the head of the mission or a member of the diplomatic staff of the mission;
  - (f) the “members of the administrative and technical staff” are the members of the staff of the mission employed in the administrative and technical service of the mission;
  - (g) the “members of the service staff” are the members of the staff of the mission in the domestic service of the mission;
  - (h) a “private servant” is a person who is in the domestic service of a member of the mission and who is not an employee of the sending State;
  - (i) the “premises of the mission” are the buildings or parts of buildings and the land ancillary thereto, irrespective of ownership, used for the purposes of the mission including the residence of the head of the mission.

## 2. gr.

Stofnun stjórnmalasambands milli ríkja og stofnun fastra sendiráða fer fram með gagnkvæmu samkomulagi.

## Article 2

The establishment of diplomatic relations between States, and of permanent diplomatic missions, takes place by mutual consent.

## 3. gr.

1. Viðfangsefni sendiráða eru einkum þessi:

- a) að vera fulltrúi sendiríkisins í móttökuríkinu;
- b) að vernda hagsmuni sendiríkisins og ríkisborgara þess í móttökuríkinu, innan þeirra takmarka sem þjóðaréttur setur;
- c) að annast samningagerð við ríkisstjórn móttökuríkisins;
- d) að afla á löglegan hátt upplýsinga um ástand og þróun mála í móttökuríkinu og gefa ríkisstjórn sendiríkisins skýrslur um það;
- e) að efla vinsamleg samskipti milli sendiríkisins og móttökuríkisins og auka efnahagsleg, menningarleg og vísindaleg samskipti þeirra.

2. Ekki skal túlka nein ákvæði samnings þessa á þann hátt að þau hindri

## Article 3

1. The functions of a diplomatic mission consist *inter alia* in:

- (a) representing the sending State in the receiving State;
- (b) protecting in the receiving State the interests of the sending State and of its nationals, within the limits permitted by international law;
- (c) negotiating with the Government of the receiving State;
- (d) ascertaining by all lawful means conditions and developments in the receiving State, and reporting thereon to the Government of the sending State;
- (e) promoting friendly relations between the sending State and the receiving State, and developing their economic, cultural and scientific relations.

2. Nothing in the present Convention shall be construed as preventing the

sendiráð í því að annast ræðismanns-  
störf.

4. gr.

1. Sendiríkið verður að ganga úr skugga um að móttökuríkið hafi veitt *agrément* vegna þess manns, sem það hyggst veita umboð sem forstöðumanni sendiráðs í því ríki.

2. Móttökuríkið er ekki skyldugt til að skýra sendiríkinu frá ástæðu, ef það neitar um *agrément*.

5. gr.

1. Sendiríkið má skipa forstöðumann sendiráðs eða, eftir atvikum stjórnar-  
sendimann, til þjónustu í fleiri ríkjum en einu, ef eigi koma til ótvíræð mótmæli einhvers móttökuríkisins, enda verður á undan skipun að gefa þeim móttökuríkjum sem hlut eiga að máli upplýsingar um hana.

2. Ef sendiríkið skipar forstöðumann sendiráðs til að gegna því starfi í einu eða fleiri ríkjum öðrum, getur það stofnað sendiráð sem *chargé d'affaires ad interim* veitir forstöðu, í hverju þessara ríkja sem forstöðumaður sendiráðsins hefur ekki fasta búsetu í.

3. Forstöðumaður sendiráðs, eða hver annar stjórnarsendimaður sendiráðs, getur starfað sem fulltrúi sendiríkisins hjá hvaða alþjóðastofnun sem er.

6. gr.

Tvö ríki eða fleiri geta skipað sama manninn forstöðumann sendiráðs í öðru ríki, enda beri móttökuríkið eigi fram mótmæli gegn því.

7. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í ákvæðum 5., 8., 9. og 11. greina, getur sendiríkið skipað starfsmenn sendiráðs að eigin vali. Að því er varðar skipun hermála-, flota- eða flugmálafulltrúa getur móttökuríkið óskað eftir að nöfn þeirra séu tilkynnt fyrirfram til samþykktar.

8. gr.

1. Það skal vera meginregla, að stjórnarsendimenn sendiráðs hafi ríkisfang sendiríkisins.

performance of consular functions by a diplomatic mission.

Article 4

1. The sending State must make certain that the *agrément* of the receiving State has been given for the person it proposes to accredit as head of the mission to that State.

2. The receiving State is not obliged to give reasons to the sending State for a refusal of *agrément*.

Article 5

1. The sending State may, after it has given due notification to the receiving States concerned, accredit a head of mission or assign any member of the diplomatic staff, as the case may be, to more than one State, unless there is express objection by any of the receiving States.

2. If the sending State accredits a head of mission to one or more other States it may establish a diplomatic mission headed by a *chargé d'affaires ad interim* in each State where the head of mission has not his permanent seat.

3. A head of mission or any member of the diplomatic staff of the mission may act as representative of the sending State to any international organization.

Article 6

Two or more States may accredit the same person as head of mission to another State, unless objection is offered by the receiving State.

Article 7

Subject to the provisions of Articles 5, 8, 9 and 11, the sending State may freely appoint the members of the staff of the mission. In the case of military, naval or air attachés, the receiving State may require their names to be submitted beforehand, for its approval.

Article 8

1. Members of the diplomatic staff of the mission should in principle be of the nationality of the sending State.

2. Þá er hafa ríkisfang móttökuríkisins má eigi skipa stjórnarsendimenn sendiráðs, nema til komi samþykki þess ríkis, en slíkt samþykki má afturkalla hvenær sem er.

3. Móttökuríkið getur áskilið sér sama rétt að því er varðar ríkisborgara þriðja ríkis, sem hafa ekki jafnframt ríkisfang sendiríkisins.

#### 9. gr.

1. Móttökuríkið getur hvenær sem er, og án þess að þurfa að gefa skýringar á ákvörðun sinni, tilkynnt sendiríkinu að forstöðumaður sendiráðs eða annar stjórnarsendimaður sé *persona non grata* eða einhver annar úr hópi starfsmanna sendiráðs sé ekki viðtökuhæfur. Í öllum slíkum tilvikum skal sendiríki, eftir því sem við á, annaðhvort kalla hlutaðeigandi mann heim eða binda endi á starf hans í sendiráðinu. Lýsa má yfir að maður sé *persona non grata*, eða ekki viðtökuhæfur, áður en hann kemur í land móttökuríkisins.

2. Ef sendiríkið neitar eða lætur undir höfuð leggjast að framkvæma skyldur sínar samkvæmt 1. málsg. þessarar greinar innan hæfilegs frests, getur móttökuríkið neitað að viðurkenna hlutaðeigandi mann sem sendiráðsmann.

#### 10. gr.

1. Tilkynna skal utanríkisráðuneyti móttökuríkisins, eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eftirfarandi:

- a) skipun sendiráðsmanna, komu þeirra og endanlega brottför, eða lok starfa þeirra í sendiráðinu;
- b) komu og endanlega brottför manns, sem er í fjölskyldu sendiráðsmanns, og þar sem við á, þegar maður bætist í eða fer úr fjölskyldu sendiráðsmanns;
- c) komu og endanlega brottför einkaþjónustustarfsmanna í þjónustu manna, sem nefndir eru í a) lið þessarar

2. Members of the diplomatic staff of the mission may not be appointed from among persons having the nationality of the receiving State, except with the consent of that State which may be withdrawn at any time.

3. The receiving State may reserve the same right with regard to nationals of a third State who are not also nationals of the sending State.

#### Article 9

1. The receiving State may at any time and without having to explain its decision, notify the sending State that the head of the mission or any member of the diplomatic staff of the mission is *persona non grata* or that any other member of the staff of the mission is not acceptable. In any such case, the sending State shall, as appropriate, either recall the person concerned or terminate his functions with the mission. A person may be declared *non grata* or not acceptable before arriving in the territory of the receiving State.

2. If the sending State refuses or fails within a reasonable period to carry out its obligations under paragraph 1 of this Article, the receiving State may refuse to recognize the person concerned as a member of the mission.

#### Article 10

1. The Ministry for Foreign Affairs of the receiving State, or such other ministry as may be agreed, shall be notified of:

- (a) the appointment of members of the mission, their arrival and their final departure or the termination of their functions with the mission;
- (b) the arrival and final departure of a person belonging to the family of a member of the mission and, where appropriate, the fact that a person becomes or ceases to be a member of the family of a member of the mission;
- (c) the arrival and final departure of private servants in the employ of persons referred to in sub-paragraph

málgreinar, og þar sem við á, að þeir séu á förum úr þjónustu þeirra;

d) ráðningu og lausn manna, sem búsettir eru í móttökuríkinu, sem sendiráðsmanna eða einkaþjónustustarfsmanna, er njóta forréttinda og friðhelgi.

2. Einnig skal tilkynna fyrirfram, þegar unnt er, um komu og endanlega brottför.

#### 11. gr.

1. Þegar ekki er gerður sérstakur samningur um stærð sendiráðs, getur móttökuríkið krafizt þess, að stærð sendiráðs verði sett takmörk, er það telur hæfileg og eðlileg með hliðsjón af aðstæðum og ástandi í móttökuríkinu og þörfum hlutaðeigandi sendiráðs.

2. Einnig getur móttökuríkið, innan sömu takmarka og þannig að eigi sé um mismun að ræða, neitað að taka við starfsmönnum í tilteknum starfsflokki.

#### 12. gr.

Sendiríkinu er ekki heimilt, nema að fengnu ótvíræðu samþykki móttökuríkisins, að setja á stofn skrifstofur, sem eru hluti af sendiráðinu, annarsstaðar en þar sem sendiráðið er sjálft.

#### 13. gr.

1. Forstöðumaður sendiráðs er talinn hafa tekið við starfi sínu í móttökuríkinu, annaðhvort þegar hann hefur afhent trúnaðarbréf sitt eða þegar hann hefur tilkynnt komu sína og rétt eftirrit af trúnaðarbréfi hans hefur verið afhent utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, samkvæmt þeim venjum, sem í móttökuríkinu gilda og jafnan skal framfylgja á sama hátt.

2. Í hvaða röð trúnaðarbréf er afhent eða rétt eftirrit af því, ákvarðast af komudegi og komustund forstöðumanns sendiráðs.

(a) of this paragraph and, where appropriate, the fact that they are leaving the employ of such persons;

(d) the engagement and discharge of persons resident in the receiving State as members of the mission or private servants entitled to privileges and immunities.

2. Where possible, prior notification of arrival and final departure shall also be given.

#### Article 11

1. In the absence of specific agreement as to the size of the mission, the receiving State may require that the size of a mission be kept within limits considered by it to be reasonable and normal, having regard to circumstances and conditions in the receiving State and to the needs of the particular mission.

2. The receiving State may equally, within similar bounds and on a non-discriminatory basis, refuse to accept officials of a particular category.

#### Article 12

The sending State may not, without the prior express consent of the receiving State, establish offices forming part of the mission in localities other than those in which the mission itself is established.

#### Article 13

1. The head of the mission is considered as having taken up his functions in the receiving State either when he has presented his credentials or when he has notified his arrival and a true copy of his credentials has been presented to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State, or such other ministry as may be agreed, in accordance with the practice prevailing in the receiving State which shall be applied in a uniform manner.

2. The order of presentation of credentials or of a true copy thereof will be determined by the date and time of the arrival of the head of the mission.

14. gr.

1. Forstöðumenn sendiráða skiptast í þessi þrjú stig:

- a) sendiherrar er hafa *ambassador, nuncio* eða annað samsvarandi stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;
- b) sendiherrar er hafa *envoy, minister* eða *internuncio* stig, og hafa umboð gagnvart þjóðhöfðingja;
- c) sendifulltrúar (*chargé d'affaires*), sem hafa umboð gagnvart utanríkisráðherra.

2. Engan greinarmun skal gera á forstöðumönnum sendiráða eftir stigum, nema að því er snertir metorðaröð og siðareglur.

15. gr.

Ríki gera um það samkomulag sín á milli, hvaða stig forstöðumenn sendiráða þeirra skuli hafa.

16. gr.

1. Metorðaröð forstöðumanna sendiráða er sama stig hafa, skal miða við dag og stund, þegar þeir tóku við starfi samkvæmt 13. grein.

2. Breytingar sem gerðar eru á trúnaðarbréfi forstöðumanns sendiráðs og eigi fela í sér breytingu á stigi hans, skulu eigi hafa áhrif á sæti hans í metorðaröðinni.

3. Grein þessi skal ekki hafa áhrif á neinar viðurkenndar venjur í móttökuríkinu, sem varða sæti fulltrúa Páfagarðs í metorðaröðinni.

17. gr.

Forstöðumaður sendiráðs skal tilkynna utanríkisráðuneytinu eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, sæti stjórnarsendimanna sendiráðsins í metorðaröðinni.

18. gr.

Í hverju ríki skal hafa sama hátt á varðandi móttöku forstöðumanna sendiráða, er hafa sama stig.

19. gr.

1. Ef staða forstöðumanns sendiráðs er óskipuð, eða forstöðumanni sendiráðs

Article 14

1. Heads of mission are divided into three classes, namely:

- (a) that of ambassadors or nuncios accredited to Heads of State, and other heads of mission of equivalent rank;
- (b) that of envoys, ministers and internuncios accredited to Heads of State;
- (c) that of *chargés d'affaires* accredited to Ministers for Foreign Affairs.

2. Except as concerns precedence and etiquette, there shall be no differentiation between heads of mission by reason of their class.

Article 15

The class to which the heads of their missions are to be assigned shall be agreed between States.

Article 16

1. Heads of mission shall take precedence in their respective classes in the order of the date and time of taking up their functions in accordance with Article 13.

2. Alterations in the credentials of a head of mission not involving any change of class shall not affect his precedence.

3. This article is without prejudice to any practice accepted by the receiving State regarding the precedence of the representative of the Holy See.

Article 17

The precedence of the members of the diplomatic staff of the mission shall be notified by the head of the mission to the Ministry for Foreign Affairs or such other ministry as may be agreed.

Article 18

The procedure to be observed in each State for the reception of heads of mission shall be uniform in respect of each class.

Article 19

1. If the post of head of the mission is vacant, or if the head of the mission

er eigi unnt að gegna störfum sínum, skal *chargé d'affaires ad interim* veita sendiráðinu forstöðu um stundarsakir. Nafn *chargé d'affaires ad interim* skal tilkynnt utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða því öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, annaðhvort af forstöðumanni sendiráðsins eða, ef honum er það ókleyft, af utanríkisráðuneyti sendiríkisins.

2. Þegar svo ber við, að enginn stjórnarsendimaður er staddur í móttökuríkinu, getur sendiríkið að fengnu samþykki móttökuríkisins útnefnt einhvern úr liði skrifstofu- og tæknistarfsmanna til að stjórna nauðsynlegum skrifstofurekstri sendiráðsins.

#### 20. gr.

Sendiráðið og forstöðumaður þess skulu eiga rétt á að nota fána og skjaldarmerki sendiríkisins á sendiráðssvæðinu, þar á meðal bústað forstöðumanns sendiráðsins, og á ökutækjum hans.

#### 21. gr.

1. Móttökuríkið skal auðvelda sendiríkinu að afla sér í landi þess, í samræmi við þau lög er þar gilda, húsakynna, sem nauðsynleg eru fyrir sendiráð, eða aðstoða það við öflun húsnæðis á annan hátt.

2. Móttökuríkið skal einnig liðsinna sendiráðum við öflun hæfilegs húsnæðis fyrir sendiráðsmenn þess, þegar þörf krefur.

#### 22. gr.

1. Sendiráðssvæðið skal njóta friðhelgi. Fulltrúar móttökuríkisins hafa ekki heimild til að koma inn á svæðið nema með leyfi forstöðumanns sendiráðsins.

2. Sérstök skylda hvílir á móttökuríkinu til að gera allar þær ráðstafanir, sem viðeigandi eru, til að vernda sendiráðssvæðið fyrir öllum árásum og tjóni og koma í veg fyrir röskun á friði sendiráðsins eða skerðingu á virðingu þess.

3. Sendiráðssvæðið, innbú og annað

is unable to perform his functions, a *chargé d'affaires ad interim* shall act provisionally as head of the mission. The name of the *chargé d'affaires ad interim* shall be notified, either by the head of the mission or, in case he is unable to do so, by the Ministry for Foreign Affairs of the sending State to the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or such other ministry as may be agreed.

2. In cases where no member of the diplomatic staff of the mission is present in the receiving State, a member of the administrative and technical staff may, with the consent of the receiving State, be designated by the sending State to be in charge of the current administrative affairs of the mission.

#### Article 20

The mission and its head shall have the right to use the flag and emblem of the sending State on the premises of the mission, including the residence of the head of the mission, and on his means of transport.

#### Article 21

1. The receiving State shall either facilitate the acquisition on its territory, in accordance with its laws, by the sending State of premises necessary for its mission or assist the latter in obtaining accommodation in some other way.

2. It shall also, where necessary, assist missions in obtaining suitable accommodation for their members.

#### Article 22

1. The premises of the mission shall be inviolable. The agents of the receiving State may not enter them, except with the consent of the head of the mission.

2. The receiving State is under a special duty to take all appropriate steps to protect the premises of the mission against any intrusion or damage and to prevent any disturbance of the peace of the mission or impairment of its dignity.

3. The premises of the mission, their



lausafé þar og ökutæki sendiráðsins, skulu undanþegin leit, upptöku, haldi eða aðför.

23. gr.

1. Sendiríkið og forstöðumaður sendiráðsins skulu undanþegin öllum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og annarra umdæma að því er tekur til sendiráðssvæðisins, hvort sem það er eign sendiríkisins eða tekið á leigu, nema að því er varðar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu.

2. Sú skattundanhága, sem nefnd er í þessari grein, skal eigi taka til þeirra gjalda eða skatta, er samkvæmt lögum móttökuríkisins skulu greiddast af aðilum, sem eiga lögskipti við sendiríkið eða forstöðumann sendiráðsins.

24. gr.

Skjalasafn og skjöl sendiráðsins skulu ætíð vera friðhelg, hvar sem þau eru niður komin.

25. gr.

Móttökuríkið skal veita þá aðstöðu, sem nauðsynleg er til að sendiráðið megi rækja hlutverk sitt.

26. gr.

Að undanteknum takmörkunum í lögum og reglum móttökuríkisins varðandi landssvæði, þar sem aðgangur er bannaður eða takmarkaður vegna öryggis þjóðarinnar, skal það tryggja öllum sendiráðsmönnum frjálsa umferð og ferðafrelsi í landi sínu.

27. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila og tryggja sendiráðinu samgöngu- og fjarskiptafrelsi í öllum opinberum erindisrekstri sínum. Til að hafa samband við ríkisstjórn, önnur sendiráð og ræðisskrifstofur sendiríkisins, hvar sem þær eru, getur sendiráðið notað allar eðlilegar samskiptaleiðir, þar á meðal stjórnarpóstbera og skilaboð á merkjamáli eða dulmáli. Þó má sendiráðið því aðeins setja upp og nota fjarsenditæki, að móttökuríkið veiti leyfi til þess.

furnishings and other property thereon and the means of transport of the mission shall be immune from search, requisition, attachment or execution.

Article 23

1. The sending State and the head of the mission shall be exempt from all national, regional or municipal dues and taxes in respect of the premises of the mission, whether owned or leased, other than such as represent payment for specific services rendered.

2. The exemption from taxation referred to in this Article shall not apply to such dues and taxes payable under the law of the receiving State by persons contracting with the sending State or the head of the mission.

Article 24

The archives and documents of the mission shall be inviolable at any time and wherever they may be.

Article 25

The receiving State shall accord full facilities for the performance of the functions of the mission.

Article 26

Subject to its laws and regulations concerning zones entry into which is prohibited or regulated for reasons of national security, the receiving State shall ensure to all members of the mission freedom of movement and travel in its territory.

Article 27

1. The receiving State shall permit and protect free communication on the part of the mission for all official purposes. In communicating with the Government and the other missions and consulates of the sending State, wherever situated, the mission may employ all appropriate means, including diplomatic couriers and messages in code or cipher. However, the mission may install and use a wireless transmitter only with the consent of the receiving State.

2. Opinber bréfaskipti sendiráðsins skulu vera friðhelg. Með opinberum bréfaskiptum er átt við öll bréfaskipti, sem varða sendiráðið og starfsemi þess.

3. Hvorki má opna né leggja hald á stjórnarpóst.

4. Bökkjar þeir sem teljast til stjórnarpósts verða að bera þess skýrt auðkenni og mega aðeins vera í þeim stjórnarskjöl eða munir sem ætlaðir eru eingöngu til opinberra nota.

5. Stjórnarpóstberinn, er hafa skal í fórum sínum opinbert skjal sem greinir stöðu hans og böggjafjölda stjórnarpóstsins, skal njóta verndar móttökuríkisins við framkvæmd starfa sinna. Hann skal njóta persónulegrar friðhelgi og má eigi handtaka hann né kyrrsetja.

6. Sendiríkinu eða sendiráðinu er heimilt að tilnefna *ad hoc* stjórnarpóstbera. Í slíkum tilvikum skulu ákvæði 5. málsgreinar þessarar greinar einnig gilda; en þeirri friðhelgi sem þar er getið, skal lokið þegar slíkur pósti hefur afhent réttum viðtakanda þann stjórnarpóst, sem honum var falinn á hendur.

7. Stjórnarpóst má fela í umsjá flugstjóra atvinnuloffars, sem áætlun hefur til viðurkennds landingarstaðar. Honum skal fengið í hendur opinbert skjal, sem greinir böggjafjölda stjórnarpóstsins, en hann skal ekki vera talinn stjórnarpóstberi. Sendiráðið getur sent einn af starfsmönnum sínum til þess að taka stjórnarpóstinn beint og óhindrað í sína vörzlu frá flugstjóra loftfarsins.

#### 28. gr.

Þau gjöld sem sendiráðið krefur fyrir opinber störf sín, skulu vera undanþegin öllum sköttum og öðrum álögum.

#### 29. gr.

Sendierindreki skal njóta persónulegrar friðhelgi. Hann má eigi á neinn hátt handtaka né kyrrsetja. Móttökuríkið skal sýna honum tilhlýðilega virðingu og gera allar þær ráðstafanir, sem

2. The official correspondence of the mission shall be inviolable. Official correspondence means all correspondence relating to the mission and its functions.

3. The diplomatic bag shall not be opened or detained.

4. The packages constituting the diplomatic bag must bear visible external marks of their character and may contain only diplomatic documents or articles intended for official use.

5. The diplomatic courier, who shall be provided with an official document indicating his status and the number of packages constituting the diplomatic bag, shall be protected by the receiving State in the performance of his functions. He shall enjoy personal inviolability and shall not be liable to any form of arrest or detention.

6. The sending State or the mission may designate diplomatic couriers *ad hoc*. In such cases the provisions of paragraph 5 of this Article shall also apply, except that the immunities therein mentioned shall cease to apply when such a courier has delivered to the consignee the diplomatic bag in his charge.

7. A diplomatic bag may be entrusted to the captain of a commercial aircraft scheduled to land at an authorized port of entry. He shall be provided with an official document indicating the number of packages constituting the bag but he shall not be considered to be a diplomatic courier. The mission may send one of its members to take possession of the diplomatic bag directly and freely from the captain of the aircraft.

#### Article 28

The fees and charges levied by the mission in the course of its official duties shall be exempt from all dues and taxes.

#### Article 29

The person of a diplomatic agent shall be inviolable. He shall not be liable to any form of arrest or detention. The receiving State shall treat him with due respect and shall take all appropriate

nauðsynlegar eru til þess að koma í veg fyrir hverskonar tilræði við persónu hans, frelsi eða sæmd.

### 30. gr.

1. Einkaheimili sendierindreka skal njóta sömu friðhelgi og verndar sem sendiráðssvæðið.

2. Eignir hans, með þeim undantekningum sem er að finna í 3. málsgrein 31. greinar, skjöl hans og bréfaskipti, skulu einnig njóta friðhelgi.

### 31. gr.

1. Sendierindreki skal njóta friðhelgi að því er varðar refsiréttarlögsögu móttökuríkisins. Hann skal einnig njóta friðhelgi að því er varðar einkamála- og framkvæmdavaldslögsögu þess, nema þegar um er að ræða:

- a) mál varðandi eigin fasteign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu hennar á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið,
- b) mál varðandi erfðir, þar sem sendierindrekinn er skiptaforstjóri, búskilastjóri, erfingi eða gjafþegi sem einstaklingur, en ekki sem fulltrúi fyrir sendiríkið,
- c) mál varðandi hverskonar atvinnu eða verzlunarviðskipti sendierindrekans í móttökuríkinu, sem óviðkomandi eru opinberum störfum hans.

2. Sendierindreki er ekki skyldur til að gefa skýrslu sem vitni.

3. Ekki má framkvæma neina aðfarargjörð gagnvart sendierindreka, nema í þeim tilvikum sem falla undir liði a), b) og c) í 1. málsgrein þessarar greinar, og með því skilyrði að unnt sé að framkvæma þær aðgerðir, sem um er að ræða, án þess að skerða persónulega friðhelgi hans eða heimilishelgi.

4. Friðhelgi sendierindreka gangnvart lögsögu móttökuríkisins leysir hann ekki undan lögsögu sendiríkisins.

### 32. gr.

1. Sendiríkið getur afsalað friðhelgi

steps to prevent any attack on his person, freedom or dignity.

### Article 30

1. The private residence of a diplomatic agent shall enjoy the same inviolability and protection as the premises of the mission.

2. His papers, correspondence and, except as provided in paragraph 3 of Article 31, his property, shall likewise enjoy inviolability.

### Article 31

1. A diplomatic agent shall enjoy immunity from the criminal jurisdiction of the receiving State. He shall also enjoy immunity from its civil and administrative jurisdiction, except in the case of:

- (a) a real action relating to private immovable property situated in the territory of the receiving State, unless he holds it on behalf of the sending State for the purposes of the mission;
- (b) an action relating to succession in which the diplomatic agent is involved as executor, administrator, heir or legatee as a private person and not on behalf of the sending State;
- (c) an action relating to any professional or commercial activity exercised by the diplomatic agent in the receiving State outside his official functions.

2. A diplomatic agent is not obliged to give evidence as a witness.

3. No measures of execution may be taken in respect of a diplomatic agent except in the cases coming under subparagraphs (a), (b) and (c) of paragraph 1 of this Article, and provided that the measures concerned can be taken without infringing the inviolability of his person or of his residence.

4. The immunity of a diplomatic agent from the jurisdiction of the receiving State does not exempt him from the jurisdiction of the sending State.

### Article 32

1. The immunity from jurisdiction of diplomatic agents and of persons enjoying

sendierindreka og þeirra, sem njóta friðhelgi samkvæmt 37. grein.

2. Afsal skal ávallt vera gefið berum orðum.

3. Ef sendierindreki, eða sá sem nýtur friðhelgi samkvæmt 37. grein hefur málsókn er hann firrtur rétti til að krefjast friðhelgi, að því er varðar sérhverja gagnkröfu, er stendur í beinum tengslum við aðalkröfunu.

4. Afsal friðhelgi í einkamálum eða framkvæmdavaldsmálum felur ekki í sér afsal friðhelgi að því er tekur til fullnustu dómsins; þá þarf sérstakt afsal að koma til.

### 33. gr.

1. Að undanteknum tilvikum sem 3. málsgrein þessarar greinar tekur til, skal sendierindreki í starfi sínu fyrir sendiríkið vera undanþeginn almannatryggingaákvæðum, sem gilda kunna í móttökuríkinu.

2. Undanþága sú, sem getið er í 1. málsgrein þessarar greinar, skal einnig ná til einkaþjónustumanna, er eingöngu starfa í þjónustu sendierindreka, að því tilskildu:

- a) að þeir séu ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, né hafi fasta búsetu þar; og
- b) að þeir njóti almannatryggingaréttinda þeirra, sem kunna að gilda í sendiríkinu eða í þriðja ríki.

3. Sendierindreki sem hefur í þjónustu sinni menn, er undanþágurnar samkvæmt 2. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, skal bundinn þeim skyldum, sem almannatryggingaákvæði móttökuríkisins leggja vinnuveitendum á herðar.

4. Undanþágur þær sem getið er í 1. og 2. málsgrein þessarar greinar, skulu ekki koma í veg fyrir sjálfviljuga aðild að almannatryggingum móttökuríkisins, svo fremi að slík aðild sé heimilud af hálfu þess ríkis.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á tvíhliða eða marghliða samninga sem áður eru gerðir um almanna-

immunity under Article 37 may be waived by the sending State.

2. Waiver must always be express.

3. The initiation of proceedings by a diplomatic agent or by a person enjoying immunity from jurisdiction under Article 37 shall preclude him from invoking immunity from jurisdiction in respect of any counter-claim directly connected with the principal claim.

4. Waiver of immunity from jurisdiction in respect of civil or administrative proceedings shall not be held to imply waiver of immunity in respect of the execution of the judgment, for which a separate waiver shall be necessary.

### Article 33

1. Subject to the provisions of paragraph 3 of this Article, a diplomatic agent shall with respect to services rendered for the sending State be exempt from social security provisions which may be in force in the receiving State.

2. The exemption provided for in paragraph 1 of this Article shall also apply to private servants who are in the sole employ of a diplomatic agent, on condition:

- (a) that they are not nationals of or permanently resident in the receiving State; and
- (b) that they are covered by the social security provisions which may be in force in the sending State or a third State.

3. A diplomatic agent who employs persons to whom the exemption provided for in paragraph 2 of this Article does not apply shall observe the obligations which the social security provisions of the receiving State impose upon employers.

4. The exemption provided for in paragraphs 1 and 2 of this Article shall not preclude voluntary participation in the social security system of the receiving State provided that such participation is permitted by that State.

5. The provisions of this Article shall not affect bilateral or multilateral agreements concerning social security con-

tryggingar, né hindra gerð slíkra samninga í framtíðinni.

#### 34. gr.

Sendierindreki skal vera undanþeginn öllum gjöldum og sköttum á einstaklinga og eignir, hvort sem um er að ræða álogur til ríkis, sveitarfélaga eða annarra umdæma, nema:

- a) þeim óbeinu sköttum, sem eru yfirleitt innifaldir í verði vara eða þjónustu;
- b) gjöldum eða sköttum á fasteignum í einkaeign í landi móttökuríkisins, nema hann hafi vörzlu þeirra á vegum sendiríkisins til nota fyrir sendiráðið;
- c) dánarbús- og erfðarfjársköttum, sem móttökuríkið leggur á, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 4. málsgreinar 39. greinar;
- d) gjöldum og sköttum af einkatekjum, sem eiga upphaf sitt í móttökuríkinu, og eignasköttum af fjárfestingu í atvinnufyrirtækjum í móttökuríkinu;
- e) gjöldum, sem lögð eru á fyrir tilgreinda veitta þjónustu;
- f) þinglýsinga- og réttargjöldum og veð- og stimpilgjöldum vegna fasteigna, með þeim fyrirvara sem felst í ákvæðum 23. greinar.

#### 35. gr.

Móttökuríkið skal undanþiggja sendierindreka allri persónubundinni þjónustu, hverskonar opinberri þjónustu og hernaðarskyldum svo sem þeim sem tengdar eru upptöku, hernaðarframlögum og vistun herliðs.

#### 36. gr.

1. Móttökuríkið skal heimila, í samræmi við lög og reglur sem það kann að setja, innflutning á og undanþágur frá öllum tollum, sköttum og svipuðum gjöldum, öðrum en geymslugjöldum, akstursgjöldum og líkum gjöldum að því er snertir:

- a) muni, sem ætlaðir eru til opinberra nota sendiráðsins;

cluded previously and shall not prevent the conclusion of such agreements in the future.

#### Article 34

A diplomatic agent shall be exempt from all dues and taxes, personal or real, national, regional or municipal, except:

- (a) indirect taxes of a kind which are normally incorporated in the price of goods or services;
- (b) dues and taxes on private immovable property situated in the territory of the receiving State, unless he holds it on behalf of the sending State for the purposes of the mission;
- (c) estate, succession or inheritance duties levied by the receiving State, subject to the provisions of paragraph 4 of Article 39;
- (d) dues and taxes on private income having its source in the receiving State and capital taxes on investments made in commercial undertakings in the receiving State;
- (e) charges levied for specific services rendered;
- (f) registration, court or record fees, mortgage dues and stamp duty, with respect to immovable property, subject to the provisions of Article 23.

#### Article 35

The receiving State shall exempt diplomatic agents from all personal services, from all public service of any kind whatsoever, and from military obligations such as those connected with requisitioning, military contributions and billeting.

#### Article 36

1. The receiving State shall, in accordance with such laws and regulations as it may adopt, permit entry of and grant exemption from all customs duties, taxes, and related charges other than charges for storage, cartage and similar services, on:

- (a) articles for the official use of the mission;

b) muni sem ætlaðir eru til persónulegra nota sendierindreka eða venzlamanna hans er teljast til heimilisfólks hans, þar á meðal muni sem ætlaðir eru til bústofnunar hans í móttökuríkinu.

2. Persónulegur farangur sendierindreka skal vera undanþeginn skoðun, nema gildar ástæður séu til þess að ætla, að í honum séu munir sem undanþágurnar samkvæmt 1. málsgrein þessarar greinar taka ekki til, eða munir, sem er bannað með lögum að flytja inn eða út, eða lúta sóttvarnarreglum móttökuríkisins. Slik skoðun má einungis fara fram í návist sendierindrekans eða umboðsmanns hans.

### 37. gr.

1. Þeir venzlamenn sendierindreka, sem teljast til heimilisfólks hans, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem 29.—36. grein taka til, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins.

2. Skrifstofu- og tæknistarfsmenn sendiráðsins, ásamt venzlamönnum þeirra sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu njóta þeirra forréttinda og friðhelgi, sem getið er í 29.—35. grein, ef þeir eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa fast heimilisfang þar, en þó með þeirri undantekningu að friðhelgi að því er snertir einkamálaréttar- og framkvæmdavaldslögsögu móttökuríkisins sem greind er í 1. málsgrein 31. greinar, skal ekki taka til athafna, sem framdar eru utan skyldustarfa þeirra. Þeir skulu einnig njóta þeirra forréttinda, sem greind eru í 1. málsgrein 36. greinar, að því er varðar muni, sem fluttir eru inn, þegar þeir fyrst stofna bú í móttökuríkinu.

3. Þjónustustarfsmenn sendiráðsins, sem ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu njóta friðhelgi, að því er tekur til athafna, sem þeir framkvæma innan skyldustarfa sinna, og jafnframt njóta undanþágu frá gjöldum og sköttum af launum sem þeir fá fyrir störf sín, svo og njóta þeirrar undanþágu, sem getið er í 33. grein.

(b) articles for the personal use of a diplomatic agent or members of his family forming part of his household, including articles intended for his establishment.

2. The personal baggage of a diplomatic agent shall be exempt from inspection, unless there are serious grounds for presuming that it contains articles not covered by the exemptions mentioned in paragraph 1 of this Article, or articles the import or export of which is prohibited by the law or controlled by the quarantine regulations of the receiving State. Such inspection shall be conducted only in the presence of the diplomatic agent or of his authorized representative.

### Article 37

1. The members of the family of a diplomatic agent forming part of his household shall, if they are not nationals of the receiving State, enjoy the privileges and immunities specified in Articles 29 to 36.

2. Members of the administrative and technical staff of the mission, together with members of their families forming part of their respective households, shall, if they are not nationals of or permanently resident in the receiving State, enjoy the privileges and immunities specified in Articles 29 to 35, except that the immunity from civil and administrative jurisdiction of the receiving State specified in paragraph 1 of Article 31 shall not extend to acts performed outside the course of their duties. They shall also enjoy the privileges specified in Article 36, paragraph 1, in respect of articles imported at the time of first installation.

3. Members of the service staff of the mission who are not nationals of or permanently resident in the receiving State shall enjoy immunity in respect of acts performed in the course of their duties, exemption from dues and taxes on the emoluments they receive by reason of their employment and the exemption contained in Article 33.

4. Ef einkaþjónustustarismenn sendiráðsmanna eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins né hafa þar fast heimilisfang, skulu þeir vera undanþegnir gjöldum og sköttum af launum, sem þeir fá fyrir störf sín. Að öðru leyti njóta þeir aðeins þeirra forrættinda og friðhelgi, sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum, að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

#### 38. gr.

1. Sendierindreki sem er ríkisborgari móttökuríkisins eða hefur fast heimilisfang þar, skal einungis njóta undanþágu frá lögsögu og friðhelgi að því er varðar opinber störf, sem innt eru af hendi innan takmarka skyldustarfa hans, nema móttökuríkið veiti frekari forrættindi og friðhelgi.

2. Aðrir starfsmenn sendiráðs, og einkaþjónustustarismenn sem eru ríkisborgarar móttökuríkisins eða hafa þar fast heimilisfang, skulu aðeins njóta þeirra forrættinda og friðhelgi sem móttökuríkið heimilar. Móttökuríkið verður þó að fara svo með lögsögu sína yfir mönnum þessum að ekki valdi óeðlilegum truflunum á störfum sendiráðsins.

#### 39. gr.

1. Sérhver maður sem á rétt á forrættindum og friðhelgi, skal njóta þeirra frá þeirri stundu er hann kemur í land móttökuríkisins til þess að taka við stöðu sinni, eða, ef hann er þegar kominn í land móttökuríkisins, frá þeirri stundu sem skipun hans er tilkynnt utanríkisráðuneytinu eða öðru ráðuneyti sem samkomulag verður um.

2. Þegar störfum manns sem notið hefur forrættinda og friðhelgi er lokið, skal slíkum forrættindum og friðhelgi að jafnaði lokið á þeirri stundu, er hann hverfur úr landi, eða eftir að liðinn er hæfilegur frestur til brottfarar, en halda gildi til þeirrar stundar, jafnvel þótt hernaðarástand ríki. Friðhelgin skal samt haldast að því er tekur til athafna,

4. Private servants of members of the mission shall, if they are not nationals of or permanently resident in the receiving State, be exempt from dues and taxes on the emoluments they receive by reason of their employment. In other respects, they may enjoy privileges and immunities only to the extent admitted by the receiving State. However, the receiving State must exercise its jurisdiction over those persons in such a manner as not to interfere unduly with the performance of the functions of the mission.

#### Article 38

1. Except insofar as additional privileges and immunities may be granted by the receiving State, a diplomatic agent who is a national of or permanently resident in that State shall enjoy only immunity from jurisdiction, and inviolability, in respect of official acts performed in the exercise of his functions.

2. Other members of the staff of the mission and private servants who are nationals of or permanently resident in the receiving State shall enjoy privileges and immunities only to the extent admitted by the receiving State. However, the receiving State must exercise its jurisdiction over those persons in such a manner as not to interfere unduly with the performance of the functions of the mission.

#### Article 39

1. Every person entitled to privileges and immunities shall enjoy them from the moment he enters the territory of the receiving State on proceeding to take up his post or, if already in its territory, from the moment when his appointment is notified to the Ministry for Foreign Affairs or such other ministry as may be agreed.

2. When the functions of a person enjoying privileges and immunities have come to an end, such privileges and immunities shall normally cease at the moment when he leaves the country, or on expiry of a reasonable period in which to do so, but shall subsist until that time, even in case of armed conflict. However, with respect to acts performed by such a

sem framkvæmdar eru af slíkum manni sem þáttur í skyldustörfum hans sem sendiráðsmanns.

3. Í því tilviki að dauða sendiráðsmanns beri að höndum, skal fjölskylda hans halda áfram að njóta forréttinda og friðhelgi þeirrar sem hún á rétt á, þar til liðinn er hæfilegur frestur til þess að halda úr landi.

4. Í því tilviki að sendiráðsmaður sem hvorki er ríkisborgari móttökuríkisins né hefur fast heimilisfang þar eða heimilisfastur venzlamaður hans andist, skal móttökuríkið heimila brottflutning lausafjár hins látna, að undantekinni hverri þeirri eign sem aflað var í því landi og bannað var að flytja út þegar andlátíð bar að höndum. Ekki skal leggja skiptagjöld né erfðafjárskatt á lausafé, sem var í móttökuríkinu einungis vegna þess að hinn látni var þar sem sendiráðsmaður eða einn af fjölskyldu sendiráðsmanns.

#### 40. gr.

1. Ef sendierindreki er á ferð eða dvelst í landi þriðja ríkis, sem hefur veitt honum vegabréfsáritun, ef áskilin er, þeirra erinda að taka við eða hverfa aftur til starfs síns eða er á leið til heimalands síns, skal þriðja ríkið veita honum friðhelgi og önnur forréttindi, sem nauðsynleg eru vegna ferðalags hans eða heimferðar. Hið sama á við um sérhvern venzlamann sendierindrekans sem nýtur forréttinda og friðhelgi og er í för með honum, eða á leið til hans eða heimalands síns, þótt ekki sé hann honum samferða.

2. Þegar svo stendur á, sem greint er í 1. málsgrein þessarar greinar, skulu þriðju ríki ekki hindra för skrifstofu- og tæknistarfsmanna eða þjónustustarfsmanna sendiráðs né venzlamanna þeirra, um lönd sín.

3. Þriðju ríki skulu veita embættisbréfum og öðrum opinberum skilaboðum sem um lönd þeirra eru send, þ. á. m. tilkynningum á dulmáli eða merkjamáli,

person in the exercise of his functions as a member of the mission, immunity shall continue to subsist.

3. In case of the death of a member of the mission, the members of his family shall continue to enjoy the privileges and immunities to which they are entitled until the expiry of a reasonable period in which to leave the country.

4. In the event of the death of a member of the mission not a national of or permanently resident in the receiving State or a member of his family forming part of his household, the receiving State shall permit the withdrawal of the movable property of the deceased, with the exception of any property acquired in the country the export of which was prohibited at the time of his death. Estate, succession and inheritance duties shall not be levied on movable property the presence of which in the receiving State was due solely to the presence there of the deceased as a member of the mission or as a member of the family of a member of the mission.

#### Article 40

1. If a diplomatic agent passes through or is in the territory of a third State, which has granted him a passport visa if such visa was necessary, while proceeding to take up or to return to his post, or when returning to his own country, the third State shall accord him inviolability and such other immunities as may be required to ensure his transit or return. The same shall apply in the case of any members of his family enjoying privileges or immunities who are accompanying the diplomatic agent, or travelling separately to join him or to return to their country.

2. In circumstances similar to those specified in paragraph 1 of this Article, third States shall not hinder the passage of members of the administrative and technical or service staff of a mission, and of members of their families, through their territories.

3. Third States shall accord to official correspondence and other official communications in transit, including messages in code or cipher, the same freedom and



sama frjálsræði og vernd og móttökuríkið veitir. Þau skulu veita stjórnarpóstberum sem hafa hlotið vegabréfsáritun, ef slík áritun er áskilin, og stjórnarpósti á leið til áfangastaðar, sömu friðhelgi og vernd sem móttökuríkinu ber skylda til að veita.

4. Þær skuldbindingar sem á þriðju ríkjum hvíla samkvæmt 1., 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, skulu einnig taka til þeirra manna sem þar eru greindir, svo og stjórnarpósts og opinberra skilaboða, sem komin eru í land þriðja ríkisins af *force majeure* ástæðum.

#### 41. gr.

1. Það er skylda allra þeirra, sem njóta forréttinda og friðhelgi, að virða lög og reglur móttökuríkisins, en þó þannig að forréttindi þeirra eða friðhelgi skerðist eigi. Á þeim hvílir einnig sú skylda að skipta sér ekki af innanlandsmálum þess ríkis.

2. Öll opinber erindi, sem móttökuríkið varða og falin eru sendiráðinu af sendiríkinu, skulu rekin hjá utanríkisráðuneyti móttökuríkisins eða hjá öðru ráðuneyti, sem samkomulag verður um, eða fyrir milligöngu þeirra.

3. Ekki má nota sendiráðssvæðið á nokkurn þann hátt sem ósamrýmanlegur er störfum sendiráðsins svo sem þau eru skilgreind í þessum samningi eða í öðrum reglum hins almenna þjóðaréttar eða sérsamningum milli sendiríkisins og móttökuríkisins.

#### 42. gr.

Sendierindreka er ekki heimilt að stunda í eigin ágóðaskyni neina atvinnu eða viðskiptastarfsemi í móttökuríkinu.

#### 43 gr.

Störfum sendierindreka lýkur meðal annars:

- a) þegar sendiríkið tilkynnir móttökuríkinu að störfum sendierindrekans sé lokið;
- b) þegar móttökuríkið tilkynnir sendiríkinu að það neiti að viðurkenna sendierindrekann sem sendiráðsmann samkvæmt 2. málsg. 9. greinar.

protection as is accorded by the receiving State. They shall accord to diplomatic couriers, who have been granted a passport visa if such visa was necessary, and diplomatic bags in transit the same inviolability and protection as the receiving State is bound to accord.

4. The obligations of third States under paragraphs 1, 2 and 3 of this Article shall also apply to the persons mentioned respectively in those paragraphs, and to official communications and diplomatic bags, whose presence in the territory of the third State is due to *force majeure*.

#### Article 41

1. Without prejudice to their privileges and immunities, it is the duty of all persons enjoying such privileges and immunities to respect the laws and regulations of the receiving State. They also have a duty not to interfere in the internal affairs of that State.

2. All official business with the receiving State entrusted to the mission by the sending State shall be conducted with or through the Ministry for Foreign Affairs of the receiving State or such other ministry as may agreed.

3. The premises of the mission must not be used in any manner incompatible with the functions of the mission as laid down in the present Convention or by other rules of general international law or by any special agreements in force between the sending and the receiving State.

#### Article 42

A diplomatic agent shall not in the receiving State practise for personal profit any professional or commercial activity.

#### Article 43

The function of a diplomatic agent comes to an end, *inter alia*:

- (a) on notification by the sending State to the receiving State that the function of the diplomatic agent has come to an end;
- (b) on notification by the receiving State to the sending State that in accordance with paragraph 2 of Article 9, it refuses to recognise the diplomatic agent as a member of the mission.

#### 44. gr.

Móttökuríkið verður, jafnvel á hernaðartímum, að auðvelda þeim, sem njóta forréttinda og friðhelgi og ekki eru ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamönnum þeirra, án tillits til ríkisfangs þeirra, að hverfa úr landi svo fljótt sem unnt er. Sérstaklega verður móttökuríkið að útvega þeim nauðsynleg samgöngutæki til nota fyrir þá sjálfa og eigur þeirra, sé þess þörf.

#### 45. gr.

Ef stjórnmalasamband er rofið milli tveggja ríkja, eða ef sendiráði er lokað fyrir fullt og allt, eða til bráðabirgða:

- a) verður móttökuríkið, jafnvel á hernaðartímum, að virða og vernda sendiráðssvæðið, ásamt eignum þess og skjalasafni;
- b) getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, umsjá með sendiráðssvæðinu, eignum sendiráðsins og skjalasafni;
- c) getur sendiríkið falið þriðja ríki, sem móttökuríkið samþykkir, að gæta hagsmuna sinna og hagsmuna ríkisborgara sinna.

#### 46. gr.

Sendiríki getur að fengnu samþykki móttökuríkisins og samkvæmt tilmælum þriðja ríkis, sem ekki hefur fulltrúa í móttökuríkinu, tekið að sér að gæta til bráðabirgða hagsmuna þriðja ríkisins og ríkisborgara þess.

#### 47. gr.

1. Við framkvæmd ákvæða samnings þessa skal móttökuríkið ekki mismuna ríkjum.

2. Þó skal mismunun ekki vera talin eiga sér stað:

- a) þegar móttökuríkið beitir þröngri túlkun við framkvæmd einhvers ákvæðis samnings þessa sökum þess að hlutaðeigandi ákvæði er túlkað þröngt í framkvæmd gagnvart sendiráði þess í sendiríkinu;

#### Article 44

The receiving State must, even in case of armed conflict, grant facilities in order to enable persons enjoying privileges and immunities, other than nationals of the receiving State, and members of the families of such persons irrespective of their nationality, to leave at the earliest possible moment. It must, in particular, in case of need, place at their disposal the necessary means of transport for themselves and their property.

#### Article 45

If diplomatic relations are broken off between two States, or if a mission is permanently or temporarily recalled:

- (a) the receiving State must, even in case of armed conflict, respect and protect the premises of the mission, together with its property and archives;
- (b) the sending State may entrust the custody of the premises of the mission, together with its property and archives, to a third State acceptable to the receiving State;
- (c) the sending State may entrust the protection of its interests and those of its nationals to a third State acceptable to the receiving State.

#### Article 46

A sending State may with the prior consent of a receiving State, and at the request of a third State not represented in the receiving State, undertake the temporary protection of the interests of the third State and of its nationals.

#### Article 47

1. In the application of the provisions of the present Convention, the receiving State shall not discriminate as between States.

2. However, discrimination shall not be regarded as taking place:

- (a) where the receiving State applies any of the provisions of the present Convention restrictively because of a restrictive application of that provision to its mission in the sending State;

b) þegar ríki, á grundvelli venju eða sammings, veita hvort öðru betri kjör en mælt er fyrir í ákvæðum þessa sammings.

48. gr.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna, sérstofnana þeirra, aðildarríkja samþykktá Alþjóðadómstólsins og allra annarra ríkja sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna býður að gerast aðili að samningnum, á þann hátt sem hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

49. gr.

Fullgilda þarf samning þennan. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

50. gr.

Sérhverju ríki í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem taldir eru í 48. grein, skal heimilt að gerast aðili að samningi þessum. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

51. gr.

1. Samningur þessi skal taka gildi á þrítugasta degi eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir samninginn eða gerist aðili að honum eftir að tuttugasta og annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent til varðveislu, skal samningurinn taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjál sitt til varðveislu.

52. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum þeim ríkjum,

(b) where by custom or agreement States extend to each other more favourable treatment than is required by the provisions of the present Convention.

Article 48

The present Convention shall be open for signature by all States Members of the United Nations or of any of the specialised agencies or Parties to the Statute of the International Court of Justice, and by any other State invited by the General Assembly of the United Nations to become a Party to the Convention, as follows: until 31 October 1961 at the Federal Ministry for Foreign Affairs of Austria and subsequently, until 31 March 1962, at the United Nations Headquarters in New York.

Article 49

The present Convention is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 50

The present Convention shall remain open for accession by any State belonging to any of the four categories mentioned in Article 48. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 51

1. The present Convention shall enter into force on the thirtieth day following the date of deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. For each State ratifying or acceding to the Convention after the deposit of the twenty-second instrument of ratification or accession, the Convention shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article 52

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States belonging

sem eru í einhverjum hinna fjögurra flokka, sem greindir eru í 48. grein:

- a) undirskriftir undir samning þennan og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveislu í samræmi við 48., 49. og 50. grein;
- b) dag þann sem samningur þessi tekur gildi í samræmi við 51. grein.

### 53. gr.

Frumrit samnings þessa, sem gerður er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra þeirra ríkja, sem eru í einhverjum þeirra fjögurra flokka, sem nefndir eru í 48. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnnum sínum, undirskrifað samning þennan.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag apríl-mánaðar 1961.

### Fylgiskjal II.

#### KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI ÖFLUN RÍKISBORGARARÉTTAR

ÞAU RÍKI, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínar-samningnum um stjórn málasamband, - sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn“ -, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961

LÁTA Í LJÓS ÞÁ ÓSK að setja reglur sín á milli um öflun ríkisborgararéttar að því er snertir sendiráðsmenn og venzlamenn þeirra, sem teljast til heimilisfólks þeirra, og

to any of the four categories mentioned in Article 48:

- (a) of signatures to the present Convention and of the deposit of instruments of ratification or accession, in accordance with Articles 48, 49 and 50.
- (b) of the date on which the present Convention will enter into force, in accordance with Article 51.

### Article 53

The original of the present Convention, of which the Chinese, English, French Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States belonging to any of the four categories mentioned in Article 48.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Convention.

DONE AT VIENNA, this eighteenth day of April one thousand nine hundred and sixty-one.

#### OPTIONAL PROTOCOL CONCERNING ACQUISITION OF NATIONALITY

THE STATES PARTIES TO THE PRESENT PROTOCOL AND TO THE VIENNA CONVENTION ON DIPLOMATIC RELATIONS, hereinafter referred to as “the Convention”, adopted by the United Nations Conference held at Vienna from 2 March to 14 April 1961,

EXPRESSING THEIR WISH to establish rules between them concerning acquisition of nationality by the members of their diplomatic missions and of the families forming part of the household of those members.

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Í bókun þessari skal orðið „sendiráðsmenn“ hafa þá merkingu, sem skilgreind er í lið b) í 1. grein samningsins, þ. e. a. s. „forstöðumaður sendiráðs og starfsmenn þess“.

2. gr.

Sendiráðsmenn, sem eru ekki ríkisborgarar móttökuríkisins, og venzlamenn sem teljast til heimilisfólks þeirra, skulu ekki öðlast ríkisborgararétt móttökuríkisins eingöngu á grundvelli laga sem þar gilda.

3. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja, sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

4. gr.

Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

5. gr.

Öllum ríkjum, sem gerast aðilar að samningnum, er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

6. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður: gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal

HAVE AGREED as follows:

Article I

For the purpose of the present Protocol, the expression “members of the mission” shall have the meaning assigned to it in Article 1, sub-paragraph (b), of the Convention, namely “the head of the mission and the members of the staff of the mission”.

Article II

Members of the mission not being nationals of the receiving State, and members of their families forming part of their household, shall not, solely by the operation of the law of the receiving State, acquire the nationality of that State.

Article III

The present Protocol shall be open for signature by all States which may become Parties to the Convention, as follows: until 31 October 1961 at the Federal Ministry for Foreign Affairs of Austria and subsequently, until 31 March 1962, at the United Nations Headquarters in New York.

Article IV

The present Protocol is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article V

The present Protocol shall remain open for accession by all States which may become Parties to the Convention. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article VI

1. The present Protocol shall enter into force on the same day as the Convention or on the thirtieth day following the date of deposit of the second instrument of ratification or accession to the Protocol with the Secretary-General of the United Nations, whichever date is the later.

2. For each State ratifying or acceding to the present Protocol after its entry into force in accordance with paragraph 1 of this Article, the Protocol shall enter

bókunin taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveislu.

7. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum

- a) undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- eða aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveislu samkvæmt 3., 4. og 5. grein;
- b) dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 6. grein.

8. gr.

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 3. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprílmánaðar 1961.

Fylgiskjal III.

**KJÖRFRJÁLS BÓKUN VARÐANDI  
SKYLDUBUNDNA LAUSN DEILUMÁLA**

ÞAU RÍKI, sem aðilar eru að þessari bókun og að Vínar-samningnum um stjórn málasamband, - sem hér á eftir verður nefndur „samningurinn“ -, er samþykktur var á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin var í Vínarborg 2. marz til 14. apríl 1961

LÁTA Í LJÓS ÞÁ ÓSK að hlíta hinni skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins í öllum málum er þau varða í sambandi við sérhverja deilu um túlkun eða framkvæmd samningsins, nema aðilar

into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article VII

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which may become Parties to the Convention:

- (a) of signatures to the present Protocol and of the deposit of instruments of ratification or accession, in accordance with Articles III, IV and V;
- (b) of the date on which the present Protocol will enter into force, in accordance with Article VI.

Article VIII

The original of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States referred to in Article III.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

DONE AT VIENNA, this eighteenth day of April one thousand nine hundred and sixty-one.

**OPTIONAL PROTOCOL  
CONCERNING THE COMPULSORY  
SETTLEMENT OF DISPUTES**

THE STATES PARTIES TO THE PRESENT PROTOCOL AND TO THE VIENNA CONVENTION ON DIPLOMATIC RELATIONS, hereinafter referred to as “the Convention”, adopted by the United Nations Conference held at Vienna from 2 March to 14 April 1961,

EXPRESSING THEIR WISH to resort in all matters concerning them in respect of any dispute arising out of the interpretation or application of the Convention to the compulsory jurisdiction of the

hafi komið sér saman um einhverja aðra aðferð til lausnar deilunni innan hæfilegs frests, og

GERA SAMKOMULAG um það sem hér fer á eftir:

1. gr.

Deilur sem rísa um túlkun og framkvæmd samningsins skulu falla undir hina skyldubundnu lögsögu Alþjóðadómstólsins, og má því skjóta þeim til dómstólsins samkvæmt kröfu hvers þess deiluaðila, sem hlut á að þessari bókun.

2. gr.

Áður en tveir mánuðir eru liðnir frá því að annar aðilinn hefur tilkynnt hinum þá skoðun sína að um deilu sé að ræða, geta aðilarnir samið um að leggja málið til gerðardóms og ekki til Alþjóðadómstólsins. Að þeim fresti liðnum getur hvor aðilinn um sig krafizt þess, að deilan sé lögð til dómstólsins.

3. gr.

1. Áður en sama tveggja mánaða tímabil er liðið geta aðilarnir samið um að taka upp sáttanleitanir.

2. Sáttanefndin skal leggja fram tillögur sínar áður en fimm mánuðir eru liðnir frá því að hún var tilnefnd. Ef aðilar samþykkja ekki tillögur hennar innan tveggja mánaða tímabils frá því að þær koma fram, getur hvor aðila um sig krafizt þess að deilan sé lögð til dómstólsins.

4. gr.

Ríki sem eru aðilar að samningnum, að hinni kjörfrjálsu bókun varðandi öflun ríkisborgararéttar og að þessari bókun, geta hvenær sem er lýst yfir því, að þau vilji rýmka ákvæði þessarar bókunar svo, að þau taki til deilna út af túlkun eða framkvæmd kjörfrjálsu bókunarinnar varðandi öflun ríkisborgararéttar. Slíkum yfirlýsingum skal beint til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

International Court of Justice, unless some other form of settlement has been agreed upon by the parties within a reasonable period,

HAVE AGREED as follows:

Article I

Disputes arising out of the interpretation or application of the Convention shall lie within the compulsory jurisdiction of the International Court of Justice and may accordingly be brought before the Court by an application made by any party to the dispute being a Party to the present Protocol.

Article II

The parties may agree, within a period of two months after one party has notified its opinion to the other that a dispute exists, to resort not to the International Court of Justice but to an arbitral tribunal. After the expiry of the said period, either party may bring the dispute before the Court by an application.

Article III

1. Within the same period of two months, the parties may agree to adopt a conciliation procedure before resorting to the International Court of Justice.

2. The conciliation commission shall make its recommendations within five months after its appointment. If its recommendations are not accepted by the parties to the dispute within two months after they have been delivered either party may bring the dispute before the Court by an application.

Article IV

States Parties to the Convention, to the Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality, and to the present Protocol may at any time declare that they will extend the provisions of the present Protocol to disputes arising out of the interpretation or application of the Optional Protocol concerning Acquisition of Nationality. Such declarations shall be notified to the Secretary-General of the United Nations.

5. gr.

Bókun þessi skal liggja frammi til undirskrifta af hálfu allra ríkja sem gerast aðilar að samningnum, eins og hér segir:

til 31. október 1961 í utanríkisráðuneyti Austurríkis, og síðan í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. marz 1962.

6. gr.

Bókun þessa þarf að fullgilda. Fullgildingarskólin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

7. gr.

Öllum ríkjum sem gerast aðilar að samningnum er heimilt að gerast aðilar að bókun þessari. Aðildarskjölin skulu afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

8. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi þann dag, er hið síðara af þessu tvennu verður: gildistaka samningsins eða þrítugasti dagur eftir að annað fullgildingar- eða aðildarskjalið hefur verið afhent framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveislu.

2. Að því er varðar hvert ríki um sig sem fullgildir bókun þessa eða gerist aðili að henni eftir að hún tekur gildi samkvæmt 1. lið þessarar greinar, skal bókunin taka gildi á þrítugasta degi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur afhent fullgildingar- eða aðildarskjal sitt til varðveislu.

9. gr.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem verða aðilar að samningnum:

- a) undirskriftir undir bókun þessa og að fullgildingar- og aðildarskjöl hafi verið afhent til varðveislu samkvæmt 5., 6. og 7. grein;
- b) yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt 4. grein í bókun þessari;
- c) dag þann er bókun þessi tekur gildi samkvæmt 8. grein.

Article V

The present Protocol shall be open for signature by all States which may become Parties to the Convention, as follows: until 31 October 1961 at the Federal Ministry for Foreign Affairs of Austria and subsequently, until 31 March 1962, at the United Nations Headquarters in New York.

Article VI

The present Protocol is subject to ratification. The instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article VII

The present Protocol shall remain open for accession by all States which may become Parties to the Convention. The instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article VIII

1. The present Protocol shall enter into force on the same day as the Convention or on the thirtieth day following the date of deposit of the second instrument of ratification or accession to the Protocol with the Secretary-General of the United Nations, whichever day is the later.

2. For each State ratifying or acceding to the present Protocol after its entry into force in accordance with paragraph 1 of this Article, the Protocol shall enter into force on the thirtieth day after deposit by such State of its instrument of ratification or accession.

Article IX

The Secretary-General of the United Nations shall inform all States which may become Parties to the Convention:

- (a) of signatures to the present Protocol and of the deposit of instruments of ratification or accession, in accordance with Articles V, VI and VII;
- (b) of declarations made in accordance with Article IV of the present Protocol;
- (c) of the date on which the present Protocol will enter into force, in accordance with Article VIII.



**10. gr.**

Frumrit bókunar þessarar, sem gerð er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spönsku, og allir textarnir jafngildir, skal varðveitt af framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna; hann skal senda staðfest eftirrit af því til allra ríkja, sem tilgreind eru í 5. grein.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með fullu umboði frá ríkisstjórnnum sínum, undirskrifað bókun þessa.

Gjört í Vínarborg, hinn 18. dag aprilmánaðar 1961.

**Article X**

The original of the present Protocol, of which the Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States referred to in Article V.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

DONE AT VIENNA, this eighteenth day of April one thousand nine hundred and sixty-one.